

Fjármálareikningar 2003–2013 *Financial accounts 2003–2013*

Samantekt

Hagstofan gefur nú út í fyrsta sinn heildstætt kerfi fjármálareikninga fyrir Ísland fyrir árin 2003–2013. Heildarfjáreignir innlendra efnahagsgeira námu 1.289% af VLF í árslok 2013 en á sama tíma töldu fjárskuldbindingar 1.694% af VLF. Af heildarfjárskuldbindingum telja hæst fjárskuldbindingar fjármálafyrirtækja í slitameðferð, sem námu 9.705 mö. kr. í árslok 2013 en þessar skuldir eru að mestu bundnar við erlenda kröfuhafa. Fjáreignir erlendra aðila innan íslenska hagkerfisins töldu 12.929 ma. kr. í árslok 2013.

Fjáreignir og -skuldbindingar fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja jukust hratt 2003–2007, en hafa dregist mikið saman og náð ákveðnu jafnvægi á undanförunum árum. Mikilvægur hluti fjármögnunar íslenskra fyrirtækja liggur í hlutafé og öðru eigin fé, en í árslok 2013 var hlutafé og eigið fé fyrirtækjanna komið í rúm 31% af heildarfjárskuldbindingum þeirra.

Fjármálareikningar fjalla sérstaklega um fjármálafyrirtæki og undirgeira þeirra. Heildarfjáreignir fjármálafyrirtækja voru fjórtánföld landsframleiðsla þegar hámarki var náð árið 2007. Í árslok 2013 var þetta hlutfall komið niður í tæplega áttfalda landsframleiðslu. Fjármálafyrirtæki í slitameðferð eru birt sérstaklega sem undirgeiri, en umfang þeirra í íslenska fjármálakerfinu er umtalsvert og verður þar til uppgjör á þrotabúum föllnu bankanna liggur fyrir.

Mikil eigna- og skuldaaukning varð hjá eignarhaldsfélögum í uppsveiflunni 2003–2007. Glögglega má sjá þann mikla eignabruna hjá félögunum sem varð í kjölfar fjármálakreppunnar og sú mynd sem blasir við í lok tímabilsins bendir til þess að jafnvægi sé að myndast hjá þessum efnahagsgeira. Heildarfjáreignir eignarhaldsfélaga námu 141% af VLF í árslok 2013.

Heildarfjáreignir lífeyrissjóða námu 2.702 mö. kr. í árslok 2013 sem samsvarar 144% af VLF, en fjármálareikningarnir gefa góða heildarsýn yfir breytingar á eignasafni lífeyrissjóðanna.

Fjáreignir heimila og félagasamtaka stóðu í 4.226 mö. kr. í árslok 2013 en heildarfjárskuldbindingar þeirra töldu 1.745 ma. kr. á sama tíma. Af fjáreignum heimilanna telja lífeyrisréttindi hæst eða 3.188 ma. kr. í árslok 2013. Hafa ber í huga að fastafjármunir, eins og fasteignir eru ekki meðtaldir í reikningunum, en samspil fjáreigna og annarra fjármuna gefa heildarsýn á eiginfjárstöðu heimilanna.

Inngangur

Fjármálareikningarnir eru flokkaðir eftir þátttakendum á fjármálamarkaði (efnahagsgeirum) og fjármálagerningum samkvæmt nýjum þjóðhagsreikningastaðli hagstofu Evrópusambandsins Eurostat, ESA 2010 (*e. European System of Accounts*).

Fjármálareikningarnir ná nú til stofnstærða fjáreigna og -skuldbindinga allra efnahagsgeira íslenska hagkerfisins, og flæðistærða fyrir allt hagkerfið. Flæðistærðir má sundurliða í viðskiptafærslur, endurmat og aðrar magnbreytingar. Tímaraðirnar ná yfir árin 2003–2013¹. Niðurstöður eru birtar á verðlagi hvers árs en ekki sem samstæður (*e. consolidated*). Hagkerfinu er skipt í tvo hluta, annars vegar innlenda geira og hins vegar útlönd (*e. Rest of the World*) sem eiga fjáreignir eða fjárskuldbindingar á Íslandi.

Fjáreignir íslenska hagkerfisins

Umsvif í íslensku hagkerfi hafa verið mikil og tekið stakkaskiptum frá upphafsári fjármálareikninganna 2003. Ef litið er á heildarfjáreignir innlendra efnahagsgeira má sjá að þær hafa vaxið mikið síðustu 10 ár og stóðu þær í ríflega 24.148 mö. kr. í árslok 2013 eða 1.289% af VLF. Á sama tíma hafa fjárskuldbindingar aukist hratt og námu þær 31.719 mö. kr. í árslok 2013 eða um 1.694% af VLF.

Af fjárskuldbindingum innlendra efnahagsgeira telja fjárskuldbindingar fjármálafyrirtækja í slitameðferð hæst, eða um 9.705 ma. kr., en nánar er fjallað um þennan efnahagsgeira hér aftar í heftinu.


Ris og fall fjármálakerfisins

Það sem setur hvað mestan svip á framvinduna á fyrri hluta tímabilsins er einkum hröð aukning á umsvifum fjármálafyrirtækja og samdrátturinn eftir hrun fjármálakerfisins. Þetta má að miklu leyti rekja til mikils endurmats á fjárskuldbindingum sem ráðist hefur verið í á undanförunum árum, bæði fyrir hefðbundin fjármálafyrirtæki, þ.e. banka og bundin fjármálafyrirtæki sem sérhæfa sig í eignarhaldi á öðrum fyrirtækjum. Aðrir geirar fjármálakerfisins, s.s. lífeyrissjóðir, hið opinbera og heimilin hafa verið í meira jafnvægi þó svo að umfang fjárskuldbindinga þeirra hafi vaxið mikið á flestum sviðum.

¹ Nálga má fjármálareikninga aftur til ársins 2003 á vefsvæði Hagstofunnar, bæði stofn- og flæðistærðir sundurliðaðar niður á efnahagsgeira og fjármálagerninga. Í viðauka má sjá brot af þeim tímaraðum sem birtar eru.

Mynd 1. Fjárskuldbindingar innlendra efnahagsgeira

Figure 1. Financial liabilities of domestic sectors



Fjárskuldbindingar við erlenda aðila ná tæpum 13.000 mö. kr.

Fjáreignir erlendra aðila innan íslenska hagkerfisins námu 12.929 mö. kr. í árslok 2013 og teljast þessar fjáreignir til fjárskuldbindinga innlendra geira. Fjáreignir erlendra aðila á Íslandi risu hæst árið 2009 er þær námu ríflega 17.000 mö. kr. á verðlagi þess árs. Fjáreignir erlendra aðila eru að mestu bundnar við fjárskuldbindingar fjármálafyrirtækja í slitameðferð.

Fjárskuldbindingar erlendra aðila hér á landi námu ríflega 5.348 mö. kr. í árslok 2013 og hafa ekki verið hærrí frá árinu 2007 þegar þær töldu yfir 7.100 ma. kr.


Fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki

Geiraskiptingu í atvinnulífinu er nú breytt þannig að fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki eru flokkuð í samræmi við ESA 2010 staðalinn. Fyrirtæki sem aðallega hafa þann tilgang að sýsla með eignarhald og umsýslu annarra fyrirtækja, s.k. eignarhaldsfélög, eru nú flokkuð sérstaklega sem bundnar fjármálastofnanir (*e. captive financial institutions*) sem tilheyra efnahagsgeiranum fjármálafyrirtæki. Sérstaklega er fjallað um eignarhaldsfélögin hér á eftir.

Efnahagsgeirinn fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki nær til fyrirtækja í öðrum atvinnurekstri en fjármálastarfsemi og starfsemi opinberra aðila. Ekki er gerður greinarmunur á fyrirtækjum eftir atvinnugreinum að öðru leyti. Hér er því um að ræða fjölbreytta atvinnustarfsemi sem spannar allan hefðbundinn atvinnurekstur. Í fjármálareikningum má greina stóru drættina í þeirri framvindu sem átti sér stað í aðdraganda fjármálakreppunnar 2008 og þróunina sem orðið hefur í kjölfarið. Bæði heildarfjáreignir og -skuldbindingar jukust mikið á árunum 2003–2007 en hafa eftir það lækkað mikið og virðast hafa náð ákveðnu jafnvægi á allra síðustu árum. Engu að síður einkennist íslenskt atvinnulíf enn af mikilli skuldsetningu í samanburði við önnur ríki.

Mynd 2. Fjáreignir og -skuldbindingar fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja

Figure 2. Total financial assets and liabilities of Non-financial institutions




Fjármálareikningar ná ekki til fastafjármuna og annarra efnislegra eigna

Þegar rýnt er í þróun fjármálastærða af þessu tagi er mikilvægt að gera sér grein fyrir styrkleikum og veikleikum þeirra niðurstaðna sem birtar eru. Hér er einungis tekið tillit til óefnislegra eigna og skulda, þ.e. fjáreigna og -skuldbindinga. Ekki er horft til annarra eigna á borð við fasteignir, vélar og tæki eða annarra fasta- og rekstrarfjármuna sem fyrirtæki ráða yfir. Í fjármálareikningunum er ekki tekið tillit til innbyrðis skulda milli fyrirtækja innan sömu samstæðu, þ.e. reikningarnir eru ekki birtir sem samstæður (*e. consolidated*). Þannig getur verið um nokkra tvítalningu að ræða ef mikið er um fjármálagerninga milli dóttur- og móðurfélaga. Eignarhaldsfélög eru nú birt sem sér efnahagsgeiri undir fjármálafyrirtækjum sem dregur úr þeim vanda.

Aukin skuldsetning fyrirtækja er áberandi fram til ársins 2007, en hlutur lána í heildarfjármögnun fer jafnt og þétt lækkandi eftir því sem líður á tímabilið. Þannig dregur úr mikilvægi lána en að sama skapi eykst hlutfall verðbréfa annarra en hlutabréfa. Þessu svipar til þess sem gerst hefur í öðrum ríkjum þar sem fjármálamarkaðir hafa stækkað og markaðsfjármögnun aukist á kostnað hefðbundinnar lánsfjármögnunar.

Mynd 3. Hlutfallsleg skipting fjárskuldbindinga fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja

Figure 3. Division of financial liabilities of Non-financial institutions



Hlutfé og annað eigið fé er 31% af fjármögnun fyrirtækjanna

Mikilvægur hluti fjármögnunar íslenskra fyrirtækja liggur í hlutfé og öðru eigin fé. Samkvæmt fjármálareikningum hefur þessi hluti fjármögnunarinnar aukist jafnt og þétt á undanförunum árum, sérstaklega eftir fall bankakerfisins og heimskreppuna. Íslensk fyrirtæki hafa farið í gegnum mikla fjárhagslega endurskipulagningu sem hefur styrkt eigið fé þeirra. Árið 2013 var hlutfé og annað eigið fé fyrirtækja rúm 31% af heildarfjárskuldbindingum sem er hæsta hlutfall sem sést hefur í fjármálareikningum fyrir þennan geira á tímabilinu.

Fjárhagslegur styrkur íslenskra fyrirtækja hefur þannig aukist mikið á síðustu árum og er nú meiri en áður hefur mælst í fjármálareikningum. Aðrar eignir en fjáreignir eru umtalsverðar og samkvæmt yfirliti Hagstofunnar um fjármunaæign í atvinnulífinu að fjármálafyrirtækjum undanskildum námu heildareignir fyrirtækja í árslok 2013 rúmum 2.920 mö. kr. Sé tekið tillit til þessara eigna kemur enn betur í ljós hve sterk eiginfjárstaða íslenskra fyrirtækja er um þessar mundir.


Fjármálafyrirtæki

Ísland býr enn yfir stóru fjármálakerfi í alþjóðlegum samanburði

Starfsemi fjármálafyrirtækja er gefinn sérstakur gaumur í fjármálareikningum eins og við er að búast. Mun ítarlegri sundurliðun er á stafsemi þessara fyrirtækja en annarra enda er fjármálastafsemi kjarnastarfsemin sem fjármálareikningar snúast um. Þessi ítarlega sundurliðun hentar vel þegar kemur að umfjöllun um íslenskan fjármálamarkað enda er markaðurinn fjölbreyttur og umfangsmikill þrátt fyrir að Ísland sé tiltölulega nýlega gengið í gegnum eina mestu fjármálakreppu sem um getur. Þegar fjármálakerfið á Íslandi náði hámarki á seinni hluta ársins 2007 voru heildarfjáreignir þess um fjórtánföld landsframleiðsla en samkvæmt fyrirliggjandi fjármálareikningum var þetta hlutfall komið niður í tæpa áttfalda landsframleiðslu árið 2013. Miðað við önnur Evrópuríki er Ísland enn með eitt umfangsmesta fjármálakerfið þrátt fyrir að umskipti hafi orðið hér á síðustu árum. Sé hinsvegar litið framhjá skuldbindingum sem tengjast föllnu bönkunum, sem eru rúmlega fimmföld landsframleiðsla, kemur skýrt fram hversu mikil áhrif þeir hafa á heildarmyndina. Það er því nánast ómögulegt að gera skýra grein fyrir umfangi íslenska fjármálakerfisins fyrr en uppgjör á protabúum föllnu bankanna liggur fyrir.

Mynd 4. Fjárskuldbindingar fjármálafyrirtækja í nokkrum ríkjum

Figure 4. Financial liabilities of financial corporation in a number of countries



Í fjármálareikningum fellur öll starfsemi fjármálafyrirtækja undir efnahagsgeirann S.12 sem skiptist í tíu² undirflokk. Yfirlit yfir heildarfjáreignir allra undirflokka fjármálafyrirtækja má sjá í töflu 3 í viðauka sem sýnir vel umfang og fjölbreytileika íslenska fjármálakerfisins.


Í árslok 2013 námu heildarfjáreignir fjármálageirans 14.778 mö. kr. sem svarar til 789% af landsframleiðslu. Af þessari fjárhæð falla rúmir 3.081 milljarður undir hefðbundnar innlánsstofnanir, en sem hluti af landsframleiðslu hafa heildarfjáreignir innlánsstofnana haldist nokkuð stöðugar eða að meðaltali 167% af landsframleiðslu síðustu fjögur árin og lækkað heldur.

Grundvallarbreyting hefur orðið á starfsemi innlánsstofnana á því tímabili sem hér er til umfjöllunar. Fyrri hlutinn einkennist af miklum vexti á öllum sviðum sérstaklega útlánamegin þar sem lán til viðskiptavina jukust úr 120% af landsframleiðslu árið 2003 í tæp 408% af landsframleiðslu árið 2007. Stór hluti þessara lána var til aðila utan Íslands enda var íslenska bankakerfið í miklum útrásarham. Hluta af þessari aukningu útlána má útskýra með innkomu innlánsstofnana á íbúðalánamarkað. Aðrar eignir, sérstaklega verðbréf önnur en hlutabréf og afleiður, jukust einnig en ekkert í líkingu við vöxt lánasafnsins. Þegar umfang viðskiptabankanna náði hámarki námu heildarfjáreignir þeirra rúmum 700% af VLF.

² Fjármálafyrirtæki í slitameðferð eru flokkuð sem tíundi undirgeiri fjármálafyrirtækja, S.125X. Nálgastr má tímaraðir fyrir fjármálafyrirtæki í slitameðferð á vefsvæði fjármálareikninga á heimasíðu Hagstofu Íslands.

Mynd 5. Fjáreignir innlánsstofnana


Figure 5. Financial assets of deposits taking corporations



Á þessum tíma var mest áberandi hröð umbreyting á fjármögnun innlánsstofnana úr innlánunum í skuldabréfa- og lánsfjármögnun allt til ársins 2006 eða á meðan vöxtur íslenska fjármálakerfisins gekk áfallalaust fyrir sig. Í kjölfar „litlu krisunnar“ árið 2006 varð sú breyting að aukin áhersla var lögð á breytta fjármögnun sem leiddi til þess að bankarnir hófu mikla innlánsöfnun erlendis sem að stórum hluta tengdist *Icesave* reikningum Landsbankans. Hluttur innlána í bankakerfinu var um 95% af landsframleiðslu árið 2006 en varð tæp 220% árið 2007.

Mynd 6. Fjárskuldbindingar innlánsstofnana

Figure 6. Financial liabilities of deposits taking corporations



Eftir fall bankanna verða mikil umskipti á umfangi og samsetningu bankakerfisins hér á landi. Þessi umbreyting er í rauninni ekki enn um garð gengin, að hluta vegna þess að endanlegt uppgjör hefur enn ekki farið fram gagnvart gömlu bönkunum.³ Auk þess er endurskipulagningu lána ekki að fullu lokið og endanlegar afskriftir í tengslum við hana liggja því ekki fyrir.

³ Með gömlu bönkunum er átt við þann hluta bankakerfisins sem skilinn var frá nýju bönkunum með lögum nr. 125/2008.

Nýja bankakerfið er á margan hátt ólíkt hinu fyrra bæði hvað varðar samsetningu eigna og skulda. Á vissan hátt má segja að íslenska bankakerfinu svipi nú meira til þess sem var áður en útrásin hófst. Heildarfjáreignir og -skuldbindingar voru í árslok 2013 tæplega 170% af landsframleiðslu sem er örlítið lægra hlutfall en árið 2003 sem er upphafsár fjármálareikninganna.

Fjármálafyrirtæki í slitameðferð


Fjármálafyrirtæki í slitameðferð eru enn fyrirferðamikil

Fjármálafyrirtæki í slitameðferð hafa verið fyrirferðamikil í íslenska fjármálakerfinu frá fjármálahrununu 2008 og af þeirri ástæðu eru niðurstöður fyrir þau birt sem sérstakur undirgeiri fjármálafyrirtækja og eru þær tímaráðir tiltækar á vefsvæði fjármálareikninga Hagstofunnar.

Fjármálafyrirtæki í slitameðferð eru enn stór hluti af fjármálakerfinu, en þó má segja að það dragi úr umsvifunum. Árið 2009 voru heildarfjáreignirnar 226% af landsframleiðslu en árið 2013 var hlutur þeirra kominn í 172%. Á sama tíma hafa fjárskuldbindingarnar einnig lækkað. Í árslok 2009 voru fjárskuldbindingar fjármálafyrirtækja í slitameðferð 786% af landsframleiðslu en í árslok 2013 var hlutur þeirra 518%. Þrátt fyrir lækkun á fjárskuldbindingum þessara fyrirtækja hafa þær enn veruleg áhrif á íslenskt efnahagslíf. Heildarfjárskuldbindingar nema um 30,6% af öllum skuldbindingum innlendra geira og á meðan uppgjör föllnu bankanna er ekki lokið hafa þær því áfram veruleg áhrif á fjárskuldbindingar íslenska hagkerfisins.

Mynd 7. Fjármálafyrirtæki í slitameðferð

Figure 7. Financial institutions in winding-up proceedings




Eignarhaldsfélög

Samkvæmt nýjum þjóðhagsreikningastaðli, ESA 2010, flokkast eignarhaldsfélög nú sem nýr undirgeiri fjármálafyrirtækja er nefnist bundin fjármálafyrirtæki (*e. captive financial institutions*). Umsvif eignarhaldsfélaga hafa verið mikil síðustu ár og þá sérstaklega fyrir hrun fjármálakerfisins en heildarfjáreignir þeirra náðu hámarki árið 2007 eða rúmlega 456% af landsframleiðslu. Árið 2013 höfðu heildarfjáreignir eignarhaldsfélaga lækkað í 141% af landsframleiðslu.

Eignarhaldsfélögin sýna í hnotskurn eitt af höfuðeinkennum efnahagsþróunar á árunum fyrir fall bankakerfisins. Þá kom verulegur hluti aukningar á eignum og skuldum í efnahagsuppsveiflunni fram á efnahagsreikningum fyrirtækja í þessum geira. Ekki liggur fyrir sundurliðun á því hversu stór hluti af þeim eignum sem hér um ræðir var vegna íslenskra fyrirtækja en niðurstöðurnar ná yfir innlendar og erlendar eignir þeirra.

Mynd 8. Fjáreignir og –skuldbindingar eignarhaldsfélaga


Figure 8. Financial assets and liabilities of holding companies



Sá mikli eignabrúni sem fylgdi fjármálahruninu kemur skýrt fram á mynd 8 en einnig hin gífurlega aukning á eignum og skuldum þessara fyrirtækja árin áður. Þannig jókst fjáreignir eignarhaldsfélaga mjög hratt á árunum 2003–2007 úr tæpum 72% af landsframleiðslu í 456%. Eignaaukninguna mátti að mestu leyti rekja til hlutabréfa og annars eigin fjár sem náði hámarki árið 2007, um 328% af landsframleiðslu. Til samanburðar má nefna að markaðsvirði allra félaga á íslenskum hlutabréfamarkaði náði hámarki í 641% árið 2007. Aðrar eignir eru að mestu leyti útistandandi lán, væntanlega að stærstum hluta lán til fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu.

Mynd 9. Hlutfallsleg skipting fjáreigna eignarhaldsfélaga (bundin fjármála-fyrirtæki)


Figure 9. Division of financial assets of holding companies (captive financial institutions)



Skuldir í efnahagsreikningi breytast með áþekktum hætti og eignir en samsetningin er önnur að því leyti að þáttur lána er töluvert hærri eins og við er að búast. Einkenni þessara fyrirtækja kemur sterkt fram þar sem stór hluti fjármögnunarinnar er í formi hluta- og eiginfjár. Hlutfallslega skiptingu fjárskuldbindinga má sjá á mynd 10 hér að neðan.

Mynd 10. Hlutfallsleg skipting fjárskuldbindinga eignarhaldsfélaga (bundinna fjármálafyrirtækja)

Figure 10. Division of financial liabilities of holding companies (captive financial institutions)




Má segja að þessi geiri hafi vaxið einna hraðast árin fyrir fjármálahrunið en að sama skapi féll hann hratt saman næstu ár. Heildarfjáreignir lækkuðu milli árunna 2007–2009 um tæplega 270% af landsframleiðslu eða um 3.300 ma. kr. á verðlagi hvers árs. Án efa er um einsdæmi að ræða hér á landi og ólíklegt verður að telja að álíka mikill eignabruni hafi orðið annars staðar enda endurspeglar þessar sviptingar íslenska fjármálahrunið að miklu leyti.

Í lok tímabilsins blasir sú mynd við að jafnvægi sé að myndast á milli fjáreigna og -skuldbindinga í þessum geira. Líklegt verður að teljast að mest af þeim afskriftum sem rekja má til eftirmála fjármálakreppunnar (og sjá má undir öðrum magnbreytingum á hægri ás á mynd 11), séu um garð gengnar. Umfang heildarfjáreigna fyrirtækja af þessu tagi er þó enn umtalsvert, eða rúm 140% af landsframleiðslu í árslok 2013. Þess vegna einkennist eignarhald í íslensku atvinnulífi af ákveðnu ógegnsæi sérstaklega vegna óbeinna eignatengsla í eignarhalds- og fjárfestingarfélögum.

Mynd 11. Fjáreignir og –skuldbindingar eignarhaldsfélaga og aðrar magnbreytingar

Figure 11. Financial assets and liabilities of holding companies and other volume changes



Lífeyrissjóðir


Lífeyrissjóðir mynda ákveðna kjölfestu á markaðnum og því hafa sviptingar á fjármálamarkaði áhrif á stöðu þeirra. Þessar breytingar koma einkum fram í fjáreignum enda eru fjárskuldbindingar lífeyrissjóðanna fyrst og fremst lífeyrisréttindi sjóðsfélaga.

Heildarfjáreignir lífeyrissjóðanna í árslok 2013 námu 2.702 mö. kr. sem samsvarar 144,2% af landsframleiðslu og höfðu aukist um 10 prósentustig á milli ára. Hröð uppbygging á eignasafni lífeyrissjóðanna skýrist aðallega af vaxandi eign í verðbréfum, öðrum en hlutabréfum, en verðmæti annars megin hluta eignasafnsins, sem samanstendur af hlutafé og öðru eigin fé hefur sveiflast mun meira.

Fjármálareikningar gefa góða heildarsýn á breytingar á eignasafni lífeyrissjóða frá ári til árs sé litið til viðskiptafærslna, annarra magnbreytinga og endurmats. Nei-kvæð áhrif í tengslum við eignabruna fjármálahrunsins koma fram árið 2008. Þá lækkuðu tveir stærstu eignaflokkar lífeyrissjóðanna, þ.e. verðbréf önnur en hlutabréf og hlutafé og annað eigið fé.

Mynd 12. Fjáreignir lífeyrissjóða

Figure 12. Financial assets of pension funds



Fjárskuldbindingar lífeyrissjóðanna eru fyrst og fremst lífeyrisskuldbindingar við sjóðfélaga, en íslenska lífeyrisskerfið er næstum fullu fjármagnað (*e. fully funded*) í gegnum iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga og ávöxtun fjárfestinga. Þess vegna jafngilda heildarfjárskuldbindingar því heildarfjáreignum þeirra í fjármálareikningunum.


Hið opinbera

Skuldir hins opinbera aukast hraðar en fjáreignir

Hið opinbera samanstendur af þremur undirgeirum, ríkinu, sveitarfélögum og almannatryggingum. Ríkið nær yfir bróðurpartinn af hinu opinbera eða um 87% af heildarfjáreignum og ríflega 88% af heildarfjárskuldbindingum miðað við árslok 2013. Fjáreignir hins opinbera hafa hækkað ört frá árinu 2007 eða um 492,5 ma. kr. og stóðu í ríflega 1.223 mö. kr. í árslok 2013. Heildarfjárskuldbindingar hins opinbera hafa aukist enn hraðar á sama tíma eða um tæplega 1.478 ma. kr. frá árslokum 2007 og stóðu í 2.196 mö. kr. í árslok 2013. Hreinar fjáreignir hins opinbera voru því neikvæðar um tæpa 973 ma. kr. í árslok 2013 sem jafngildir um 52% af VLF.

Mynd 13. Fjárskuldbindingar hins opinbera

Figure 13. Financial liabilities of the general government



Hið opinbera hefur fjármagnað sig að miklu leyti með verðbréfaútgáfu og lántökum, sem saman hafa hækkað um 1.230 ma. kr. frá 2007, en verðbréf stóðu í 843 mö. kr. í árslok 2013 og lántökur í 761 ma. kr. á sama tíma. Af heildarfjárskuldbindingum hins opinbera nema vátryggingaskuldbindingar um 21% sem rekja má til lífeyrisskuldbindinga ríkis og sveitarfélaga. Lífeyrisskuldbinding ríkisins vegna B deildar LSR og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga taldi ríflega 407 ma. kr. í árslok 2013 og lífeyrisskuldbindingar sveitarfélaga við eftirlaunasjóði töldu tæplega 50 ma. kr. á sama tíma.

Heimili og félagasamtök

Stærsta fjáreign heimilanna er lífeyrisréttindi

Fjáreignir heimila og félagasamtaka jukust um 7% á milli 2012–2013 og stóðu í 4.226 mö. kr. í árslok 2013. Af fjáreignum heimila eru kröfur þeirra á lífeyrissjóði og vátryggingafélög, þ.e. lífeyrisréttindi, og kröfur vegna skaða- og líftrygginga, hæstar og nema alls 75%. Kröfurnar námu samtals 3.188 mö. kr. í árslok 2013.

Á sama tíma voru heildarfjárskuldbindingar heimila 1.745 ma. kr., en 97,5% af skuldbindingunum má rekja til lántöku þeirra. Vátryggingaeignir heimilanna eru helsta ástæða þess að hreinar fjáreignir þeirra voru jákvæðar um 2.481 ma. kr. í árslok 2013. Tekið skal fram að í fjármálareikningunum eru fasta- og rekstrarfjármunir ekki taldir með. Í þessum skilningi er því fjárhagsleg staða heimilanna sterk þegar á heildina er litið en fjármálareikningar gefa enga vísbendingu um dreifingu þessara eigna innan geirans. Rétt er að benda á að verulegur hluti af fjáreignum heimila er fölginn í lífeyrisréttindum sem falla til sem tekjur í framtíðinni. Fjáreignir heimila og félagasamtaka verða neikvæðar um 700 ma. kr. árið 2013 ef ekki er tekið tillit til lífeyrisréttinda þeirra eins og gert er í fjármálareikningum.


Samspil fjáreigna og annarra eigna á borð við fasteignir og fleira er það sem ákvarðar heildareignastöðu heimilanna. Fasteignir og ökutæki hafa mikil áhrif á eiginfjárstöðuna, en í skattframtölum einstaklinga eru þær metnar á 3.167 ma. kr. árið 2013,⁴ en eru ekki taldar með í fjármálareikningum.

⁴ Skv. tölum um skuldir og eignir einstaklinga. Sjá heimasíðu Hagstofu Íslands, hagstofa.is.

Hlutfall fjáreigna af landsframleiðslu hafa haldist nokkuð stöðugar frá árinu 2007, námu 228% í árslok 2007 en voru 225,6% í árslok 2013. Sama má segja um fjárskuldbindingar heimilanna, en þær námu 115,6% af landsframleiðslu í árslok 2007 en lækkuðu í 93% í árslok 2013.

Mynd 14. Fjáreignir og –skuldbindingar heimila og félagasamtaka

Figure 14. Financial assets and liabilities of households and NPISHs



Lántökur heimila virðast lækka á milli 2007 og 2008 sem má rekja til þess að viðskiptabankarnir tóku yfir lánasafn gömlu bankanna og skráðu upphaflega á lægra bókfærðu virði. Lánastofninn hefur verið færður upp í bókum bankanna á ný í takt við endurskipulagningu, uppgjör gömlu bankanna og áætlanir um innheimtu. Hægt er að skoða flæðistærðirnar til að fá hugmynd um breytingar á stofnstærðunum, en þar sem ekki eru birt mótgeiragögn er einungis um að ræða samtölu á viðskiptafærslum, magnbreytingum s.s. afskriftum og endurútreikningi, og endurmati vegna verð- og gengisbreytinga.

Um fjármálareikninga

Tilgangur fjármálareikninga er að setja fram tölulegt yfirlit yfir fjáreignir og fjárskuldbindingar hagkerfisins í heild sem og allra yfir- og undirgeira þess. Auk þess má finna upplýsingar um flæðistærðir þessara geira, sem eru viðskiptafærslur, aðrar magnbreytingar og endurmat á fjármálagerningum.

Fjármálareikningarnir fylgja alþjóðlegum stöðlum um gerð þjóðhagsreikninga, nánar tiltekið ESA2010 sem er útfærsla Eurostat, á hinum alþjóðlega þjóðhagsreikningastaðli SNA 2008, sem gefinn var út af Sameinuðu Þjóðunum. Þjóðhagsreikningastaðallinn var innleiddur í september 2014. Nýi staðallinn hefur nokkur áhrif á kerfi fjármálareikninga, þar sem gerðar eru kröfur um ítarlegri sundurliðun á efnahagsgeirum og fjármálagerningum, auk flæðistærða.

Hagstofa Íslands fékk styrk til að efla gerð þjóðhagsreikninga á Íslandi sem nær til loka ársins 2014, í gegnum IPA-fjölpáttaáætlun (*e. Instrument for multibeneficiary Pre-Accession Assistance*) Evrópusambandsins. Eitt af verkefnum sem féll undir styrkinn var þróun fjármálareikninga fyrir Ísland og var markmiðið að koma því verkefni í góðan farveg og er þessi útgáfa hluti af því verkefni.

Í maí 2010 gerðu Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands samkomulag um gerð fjármálareikninga og þá hófst eiginleg vinnsla reikninganna. Í samkomulaginu var ábyrgð stofnananna á einstökum þáttum verkefnisins skilgreind. Hagstofan sér um öflun og úrvinnslu gagna vegna fjögurra geira sem eru: 1) Fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki, 2) Hið opinbera og undirgeirar þess, 3) Heimili og 4) Félagasamtök (e. *Non-profit institutions serving households*). Seðlabankinn sér um: 5) Fjármálafyrirtæki og undirgeira þeirra og 6) Útlönd þ.e. útreikninga á erlendri stöðu þjóðarbúsins. Lokafrágangur og afstemming reikninganna, vegna stofn- og flæðistærða, er á ábyrgð Hagstofunnar.

Bent er á lýsigögn til frekari upplýsinga um fjármálareikninga. Lýsigögnin má finna á vefsvæði þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála á vefsíðu Hagstofu Íslands, www.hagstofa.is.

Breytingar samkvæmt nýjum þjóðhagsreikningastaðli

Fjármálareikningarnir eru flokkaðir á tvo vegu, það er í þátttakendur á fjármála-markaði (efnahagsgeira) og fjármálagerninga. Flokkun fjármálagerninga er háð greiðslufærni eða torseljanleika þeirra og lögbundnum einkennum. Íslensku reikningarnir eru ekki samstæðureikningar (e. *consolidated*) að útlöndum undanskildum.

Fjármálareikningar sýna fjáreignir og fjárskuldbindingar viðkomandi ríkis, sem stofnstærðir (e. *stocks*) og viðskiptafærslur (e. *transactions*) og aðrar hagrænar breytingar (e. *other economic changes*), sem sundurgreina má í endurmat og aðrar magnbreytingar (e. *revaluation and other volume changes*). Við uppgjör fjármálareikninga er eign eins geira færð sem skuld hjá öðrum geirum. Undantekning frá þessu er þó gullforði Seðlabankans og sérstök dráttarréttindi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Fjármálareikningar sýna fjármögnun geiranna á eigin rekstri eða annarra og gefa innsýn í fjármálagerninga sem notaðir eru.

Samkvæmt ESA 2010 eru fjármálagerningarnir alls 8 og eru í stuttu máli sem hér segir:

- AF.1** Gull og sérstök dráttarréttindi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (e. *Monetary Gold & Special Drawing Rights, SDRs*): Þetta á aðeins við Seðlabanka Íslands, þ.s. gull er hluti af gjaldeyrisforða Seðlabankans sem og sérstök dráttarréttindi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.
- AF.2** Sjóðir og innistæður (e. *Currency and Deposits*): Seðlar í umferð og innlán sem unnt er að breyta í gjaldmiðil án verulegra takmarkana.
- AF.3** Verðbréfaeign/-útgáfa önnur en hlutafé (e. *Debt securities*): Seljanleg verðbréf án ákvörðunarréttar og sambærileg skuldaskjöl.
- AF.4** Útlán/lántaka (e. *Loans*): Öll lán fjármálastofnana.
- AF.5** Hlutabréfaeign og annað eigið fé (e. *Equity and investment fund shares or units*): Skráð og óskráð hlutabréf og hlutdeildarskirteini og hlutir í hlutdeildarfélögum.
- AF.6** Vátryggingaeign/-skuld (e. *Insurance Technical Reserves*): Skaðatryggingar, líftryggingar og lífeyrisréttindi.
- AF.7** Afleiður (e. *Financial derivatives and employee stock options*). Afleiðuviðskipti og sambærilegir framvirkir samningar.
- AF.8** Aðrar viðskiptakröfur/-skuldir (e. *Other Accounts Receivable/Payable*).

Samkvæmt ESA 2010 flokkast hver gerningur í undirflokkana en núverandi birting nær ekki yfir ítarlegri sundurliðun.

Við gerð fjármálareikninga er íslenska hagkerfinu skipt í nítján efnahagsgeira. Íslenski efnahagsgeirinn skiptist í fimm yfirgeira og þrettán undirgeira en nítjándi efnahagsgeirinn, útlönd, nær yfir alla erlenda aðila. Yfir- og undirgeirarnir eru eftirfarandi:

- S.1 Ísland (innlendir efnahagsgeirar)
 - S.11 Fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki
 - S.12 Fjármálafyrirtæki
 - S.121 Seðlabanki Íslands
 - S.122 Innlánsstofnanir
 - S.123 Peningamarkaðssjóðir
 - S.124 Verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóðir
 - S.125 Önnur fjármálafyrirtæki
 - S.125X Fjármálafyrirtæki í slitameðferð
 - S.126 Þjónustuaðilar við fjármálafyrirtæki
 - S.127 Bundnar fjármálastofnanir (þ.m.t. eignarhaldsfélög)
 - S.128 Tryggingafélög
 - S.129 Lífeyrissjóðir
 - S.13 Hið opinbera
 - S.1311 Ríkið
 - S.1313 Sveitarfélög
 - S.1314 Almannatryggingar
 - S.14+S.15 Heimili (S.14) og félagasamtök (S.15)
- S.2 Útlönd (erlendir efnahagsgeirar)

Fyrirvari

Fjármálareikningarnir eru þróunarverkefni í deild þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála á Hagstofu Íslands. Tímaraðir hafa verið endurskoðaðar frá fyrri útgáfu vegna bættrar gagnasöfnunar og nýrrar aðferðafræði sem tekin er upp samkvæmt ESA 2010.

Helstu breytingar frá fyrri útgáfu eru ítarlegri sundurliðun á undirflokkum fjármálafyrirtækja. Þá hafa eignarhaldsfélög verið tekin út úr S.11, Fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki (*e. non-financial institutions*) og sett í undirflokkinn S.127, Bundin fjármálafyrirtæki (*e. captive financial institutions*).

Til afstemmingar á reikningunum þarf að vera hægt að bera saman tiltæk gögn við niðurstöður fyrir aðra geira sem birta mótgögn (*e. counterpart data*). Umtalsverður mismunur getur verið á milli tveggja geira vegna sama gernings þar sem upplýsingar um fjárhæðir fást bæði frá lánadrottni og skuldunaut. Ýmsar prófanir eru gerðar til að skýra þennan mismun. Algengast er að ósamræmi sé í skilgreiningum á fjármálagerningum eða að tímasetning viðskiptafærslna sé ekki sú sama og notuð er við reikningsskil, eða að mismunandi aðferðum sé beitt við matið.

Til dæmis var ekki unnt að birta tölulegar upplýsingar um afleiður (AF.7) í núverandi birtingu. Ástæða þess er að fyrirtæki hafa ekki lokið við að gera upp alla afleiðusamninga frá því fyrir og eftir fjármálahrunið. Þá telja mörg fyrirtæki afleiður enn með verðbréfum (AF.3). Vegna þessa var nauðsynlegt að bæta þeim tölum sem fáanlegar voru um afleiður við verðbréfaflokkinn (AF.3+AF.7).

Erfitt er að draga upp rétta mynd af íslenska hagkerfinu á árunum 2007–2009 vegna vandamála við gögn í kjölfar fjármálahrunsins, en straumhvörf (*e. structural*

